

Ed.
um veitingu prestakalla.

462. Frumvarp til laga

[216. mál]

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Þegar prestakall losnar og prestur er eigi kallaður til embættisins (sbr. 6. gr.) auglýsir biskup kallið með hæfilegum umsóknarfresti.

2. gr.

Að liðnum umsóknarfresti sendir biskup prófasti hlutaðeigandi prófastsdæmis, sé hann eigi umsækjandi, svo og sóknarnefndum prestakallsins, skrá yfir þá, er sótt hafa, ásamt skýrslu um aldur þeirra, náms- og embættisferil og störf. Jafnframt sendir hann prófasti nægilega marga atkvæðaseðla með nöfnum umsækjenda og felur honum að boða kjörmenn prestakallsins á sameiginlegan fund innan tiltekins tíma.

Kjörmenn eru: Sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar prestakallsins (aðalmenn). Fyrsti varamaður tekur sæti aðalmanns, ef forfallaður er. Ef safnaðarfulltrúi er jafnframt sóknarnefndarmaður, tekur varamaður sæti hans í sóknarnefnd.

Sé prófastur héraðsins umsækjandi um kallið, nefnir biskup annan prófast til í hans stað.

3. gr.

Á kjörmannafundi skulu umsóknir ásamt umsögnum biskups liggja frammi til athugunar. Fundurinn er lokaður, og stýrir prófastur honum. Ef meiri hluti kjörmannanna samþykkir, að kjör skuli fram fara, skal það framkvæmt með þeim hætti, sem segir í 4. gr. Að öðrum kosti ráðstafar kirkjumálaráðherra embættinu að fenginni tillögu biskups.

4. gr.

Ef samþykkt er, að kjör fari fram, ákveður prófastur kjörfund kjörmannanna þá þegar eða næsta dag hið síðasta. Kjörfundur er lokaður, og stýrir prófastur honum. Fer þar fram leynileg, skrifleg atkvæðagreiðsla um umsækjendur. Prófastur afhendir hverjum kjörmanni einn atkvæðaseðil, og setur kjörmaður kross framan við nafn þess, er hann kýs. Prófastur skilar atkvæði á sama hátt.

Að lokinni atkvæðagreiðslu eru atkvæði innsigluð og send biskupi í póstabýrgð, ásamt afriti af gjörðabók kjörfundar. Verði ágreiningur um undirbúning eða framkvæmd kosningar eða hún kærð, fellir kjörstjórn úrskurð um málið.

Kjörstjórn skipa, auk biskups, 2 menn, er kirkjumálaráðuneytið skipar til 5 ára í senn.

5. gr.

Þegar kjörstjórn hefur kynnt sér niðurstöðu kjörfundar, sendir biskup afrit af bókun hennar til kirkjumálaráðherra, ásamt rökstuddri tillögu sinni um veitingu. Biskup styður með tillögu sinni þann umsækjanda, er hlotið hefur $\frac{2}{3}$ atkvæða kjörmannanna. Skal veita honum embættið, enda telst hann hafa hlotið lögmetna kosningu.

Nái umsækjandi ekki $\frac{2}{3}$ atkvæða kjörmannanna, telst kosningin ólögmet, og mælir biskup þá með þeim tveimur umsækjendum, ef um fleiri en einn er að ræða, er hann telur, þegar tillit er tekið til allra aðstæðna, standa næst því að hljóta embættið, og í þeirri röð, sem næst liggur að hans dómi. Veitir ráðherra því næst embættið öðrum hvorum þessara tveggja.

6. gr.

Heimilt er kjörmönnum að kalla prest.

Ef $\frac{3}{4}$ kjörmannanna prestakallsins eru einhuga um að kalla tiltekinn prest eða guðfræðikandidat án umsóknar, gera þeir prófasti viðvart um það í tæka tíð, en hann tilkynnir biskupi, sem felur þá prófasti að boða kjörmenn prestakallsins á sameiginlegan fund innan viku, og er þá embættið eigi auglýst.

Samþykki $\frac{3}{4}$ kjörmannanna að kalla tiltekinn mann til embættisins, sem lögum samkvæmt á rétt til prestsembættis í íslensku þjóðkirkjunni, skal biskup birta köllunina þeim prest eða kandidati, sem í hlut á. Taki hann köllun, skal veita honum embættið.

7. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga skulu sett í reglugerð.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt af menntamálanefnd efri deildar að beiðni hæstvirts dómsmálaráðherra. Nefndin hefur enga afstöðu tekið til málsins, og einstakir nefndarmenn hafa því óbundnar hendur um afstöðu sína til málsins.

Frumvörp um þetta efni voru lögð fyrir Alþingi 1962—63 og 1964 og voru flutt af menntamálanefnd neðri deildar að beiðni kirkjumálaráðherra. Frumvörpin komu aðeins til 1. umræðu, en ekki aftur úr nefnd. Frumvörpin höfðu áður verið sam-

þykkt á Kirkjubing, 1962 með 10:5, 1964 með 10:4 atkv. Kirkjubing 1972 hefur nú enn samþykkt slíkt frumvarp með 14:1 atkv. Frumvörp þessi eru öll mjög lík í aðalatriðum, og höfuðeinkenni þeirra er að leggja niður hina almennu prestskosningu. Í hennar stað kemur: 1) Heimild sóknarnefnda prestakalls til að „kalla“ prest til embættis, þ. e. ef $\frac{3}{4}$ sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa eru sammála um val löghæfs prests eða guðfræðings, eiga þeir rétt á að fá hann skipaðan í embætti (án auglýsingar), sbr. 6. gr. frumvarpsins, og 2) ef til kjörs kemur, fer það fram með þeim hætti, að þessir sömu kjörmenn kjósa, og ef umsækjandi fær $\frac{2}{3}$, er kosning hans lögmæt, en annars gerir biskup tillögu um 2 umsækjendur (ef umsækjendur eru tveir eða fleiri) í þeirri röð, sem hann metur, en ráðherra skipar annan hvorn, sbr. 4. gr. frv. — Ef meiri hluti kjörmanna óskar ekki eftir, að kjör fari fram, sem mundi langoftast vera, ef aðeins er einn umsækjandi, ráðstafar kirkjumálaráðherra embættinu að fengnum tillögum biskups, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Um forsögu tillagna frumvarpsins er að öðru leyti vísað til greinargerða á Alþingi 1962—63 (þskj. 362) og 1964 (þskj. 114).

Frá ársbyrjun 1965 hefur 55 sinnum komið til prestskosninga. 13 sinnum hafa umsækjendur verið fleiri en einn, þar af 6 sinnum í Reykjavíkúrprófastsdæmi.

Að þrennu leyti er frumvarpið breytt frá þeim frumvörpum um sama efni, sem borin voru fram 1962 og 1964.

- 1) Í 2. grein er bætt ákvæði, sem segir fyrir um, að varamaður skuli koma inn í sóknarnefnd, ef safnaðarfulltrúi er jafnframt sóknarnefndarmaður.
- 2) Í 3. grein er gerð sú breyting, að í stað orðanna „samkvæmt tillögu biskups“ kemur „að fenginni tillögu biskups“, þar sem ræðir um skipun í embætti, þegar prestakall hefur verið auglýst, en kjörmenn óska þess ekki, að kjör fari fram.
- 3) Fellt er niður ákvæði, sem var í frumvörpunum 1962 og 1964, um sérstakar reglur um skipun í prestsembætti í Skálholti, á Hólum og Þingvöllum.

Fylgiskjal.

Skýrsla um prestaköll, sem auglýst hafa verið og sótt hefur verið um frá og með árinu 1965 og um fjölda umsækjenda:

1965:	Prestaköll	Fjöldi umsækjenda
	1. Stóra-Núpsprestakall, Árn.	1
	2. Valbjófsstaðaprestakall, Múl.	1
	3. Stafholtsprestakall, Borg.	1
	4. Víkurprestakall, Skaft.	1
	5. Stykkishólmsprestakall, Snæf.—Dala.	3
	6. Æsustaðaprestakall, Hún.	1
	7. Bíldudalsprestakall, Barð.	1
1966:		
	8. Möðruvallaklaustursprestakall, Eyj.	2
	9. Garðaprestakall, Kjal.	4
	10. Miklabæjarprestakall, Skag.	1
	11. Laufásprestakall, Þing.	2
	12. Bíldudalsprestakall, Barð. (aftur)	1
	13. Hofsprestakall, Vopnafirði, Múl.	1
	14. Vallanesprestakall, Múl.	1
	15. Hofsósprestakall, Skag.	1
	16. Hríseyjarprestakall, Eyj.	1

1967:	Prestaköll	Fjöldi umsækjenda
17.	Saurbæjarprestakall, Borg.	1
18.	Mosfellsprestakall, Árn.	1
19.	Sauðanesprestakall, Þing.	1
20.	Skinnastaðaprestakall, Þing.	1
21.	Eskifjarðarprestakall, Austfj.	1
22.	Hallgrímsprestakall, Rvík	6
23.	Laugalandsprestakall, Eyj.	1
24.	Siglufjarðarprestakall, Eyj.	1
25.	Bíldudalsprestakall, Barð. (aftur)	1
26.	Holtsprestakall, Rang.	1
27.	Þingeyrarklaustursprestakall, Hún.	1
28.	Seyðisfjarðarprestakall, Múl.	1
29.	Möðruvallaklaustursprestakall, Eyj.	1
30.	Ólafsfjarðarprestakall, Eyj.	1
31.	Hveragerðisprestakall, Árn.	3
1969:		
32.	Holtsprestakall, Önundarfirði, Ísafj.	1
33.	Norðfjarðarprestakall, Austfj.	1
34.	Stafholtsprestakall, Borg.	1
1970:		
35.	Kirkjuhvolsprestakall, Rang.	1
36.	Grensásprestakall, Rvík	1
37.	Stóra-Núpsprestakall, Árn.	2
38.	Patreksfjarðarprestakall, Barð.	1
39.	Ólafsvíkurstakall, Snæf.—Dala.	1
40.	Hveragerðisprestakall, Árn. (aftur)	1
41.	Reykhólaprestakall, Barð.	1
42.	Árbæjarprestakall, Rvík	2
1971:		
43.	Hjarðarholtsprestakall, Snæf.—Dala.	1
44.	Siglufjarðarprestakall, Eyj. (aftur)	1
45.	Sauðárkróksprestakall, Skag.	1
46.	Digranesprestakall, Rvík	4
47.	Kársnesprestakall, Rvík	3
48.	Selfossprestakall, Árn.	3
1972:		
49.	Söðulsholtsprestakall, Snæf.—Dala.	1
50.	Mælifellsprestakall, Skag.	1
51.	Breiðholtsprestakall, Rvík	2
52.	Nesprestakall, Rvík	3
53.	Reykholtsprestakall, Borg.	1
54.	Vopnafjarðarprestakall, Múl. (aftur)	1
1973:		
55.	Eyrbakkaprestakall, Árn.	1

BISKUPSSTOFA

Erl. Sigmundsson.